



**GRUNNÁSTAND SVÆÐIS**  
Ásmundarstaðir í Ásahreppi

**Maí 2022**

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>Grunnástand svæðis</b>	<b>3</b>
	Stig 1: Kortlagning notkunar á hættulegum efnum	3
	Stig 2: Greining á viðeigandi hættulegum efnum	3
	Stig 3: Mat á mögulegri mengun á lóðinni	3


## 1 Inngangur

Skýrsla um grunnástand athafnasvæðis Reykjagarðs að Ásmundarstöðum er unnin í samræmi við reglugerð 550/2018 og leiðbeiningar Evrópusambandsins um gerð skýrslu um grunnástand svæðis<sup>1</sup>.

Reykjagarður er staðsettur að Ásmundarstöðum í Ásahreppi og rekur þaueldisbú með alifuglaeldi. Aldir eru hænsnfuglar til framleiðslu á eggjum til ungaframleiðslu og framleiðslu á kjöti. Á búinu eru varphænur í 8 stofnhúsum og kjúklingaeldi í 15 húsum.

Fyrirtækið hefur verið starfrækt á jörðinni frá árinu 1972. Áður var landið nýtt sem landbúnaðarland. Ásmundarstaðir er 25 ha. að stærð og skilgreint sem tvær lóðir í deiliskipulagi. Staðsetning hentar ágætlega fyrir starfsemina enda er búið á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Allar fráveitulagnir renna í rotþrær á svæðinu. Öllum skít er ekið af svæðinu og hefur svo verið í áratugi.

Reykjagarður er með gilt starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands en hefur sótt um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun, því við lagabreytingu árið 2018 færðist eftirlit og leyfisvinna þangað.



Mynd 1 Staðsetning lóðar í Ásahreppi (Mynd: map.is)

<sup>1</sup> European Commission Guidance concerning baseline reports under Article 22(2) of Directive 2010/75/EU on industrial emissions (2014/C 136/03)

## 2 Grunnástand svæðis

### Stig 1: Kortlagning notkunar á hættulegum efnum

„Bera skal kennsl á þau efnasambönd sem eru hættuleg eða varasöm og eru notuð, framleidd eða losuð á starfsstöðinni.“<sup>1</sup>

Yfirlit yfir efnanotkun hjá fyrirtækinu var yfirfarið árið 2022. Díselolía er notuð á svæðinu og geymd í meira magni en 20 lítra. Á búinu eru auk þess notuð efni til þrifa og viðgerða en þau eru ekki geymd á svæðinu. Verktakar sjá um þrif og viðgerðir og taka með sér efni. Gera má ráð fyrir að hreinsiefni og viðgerðarefni hafi verið geymd á svæðinu áður fyrir en ávallt í geymslum innandyra í minna magni. Þau eru utan verksviðs þessarar greiningar.

### Stig 2: Greining á viðeigandi hættulegum efnum

„Viðeigandi hættuleg efni (e. relevant hazardous substances) eru skilgreind sem (i) efni eða efnablöndur sem eru flokkuð sem hættuleg, (ii) eru fær um að menga jarðveg og grunnvatn, sem afleiðing af hættueiginleikum, hreyfanleika, þrávirkni og niðurbrotanleika (auk annarra eiginleika) og (iii) eru notuð, framleidd og/eða losuð á lóðinni. Sjá nánar um skilgreiningu á efnum sem eru flokkuð sem hættuleg í reglugerð 550/2018.“<sup>1</sup>

Viðeigandi hættuleg efni eru sýnd í Tafla 1. Gefnar eru upplýsingar um notkun efnanna, hættuflokkun gagnvart umhverfi og magn sem getur verið á Ásmundarstöðum á hverjum tíma.

Tafla 1 Listi yfir efni sem eru hættuleg umhverfinu og geymd í meira magni en 20 l

Efnaheiti	Lýsing/Notkun	Hættulegt umhverfinu skv MSDS	Magn
Díselolía	Eldsneyti til hitunar og áfyllingar á tæki og vélar. Olían er geymd í 16 geymum.	H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Allt að 19.800 l

### Stig 3: Mat á mögulegri mengun á lóðinni

„Möguleiki á jarðvegs- og grunnvatnsmengun á svæðinu nær yfir nokkra þætti. Í fyrsta lagi magn hættulegra efna sem um ræðir. Þar sem mjög lítið magn er notað, framleitt eða losað á lóðinni er möguleiki á mengun sé líklega óveruleg í því samhengi sem skýrsla um grunnástand er gerð. Í öðru lagi þarf að skoða eiginleika jarðvegs og grunnvatns á lóðinni og áhrif þeirra á möguleika á að mengun jarðvegs og grunnvatns eigi sér stað. Í þriðja lagi, þarf að skoða starfsemi sem þegar er á lóðinni og hvort hún er þess eðlis að það sé í reynd ómögulegt að mengun geti átt sér stað.“<sup>1</sup>

Olía í tönkum hefur verið á búinu í um 40 ár. Nú eru 14 húsageymar, einn neyslugeymar og olíukerra fyrir verkstæði. Olíugeymarnir eru í eigu Olíudreifingar sem sér um viðhald.

Húsageymar eru staðsettir ofanjarðar við flest eldishús. Olía í húsageymum er notuð nokkra daga í senn til að keyra hitablásara og til að halda nægum hita í húsunum sem þarf fyrir eldið. Fyllt er á geymana á 6 – 10 vikna fresti, eftir árferði. Geymarnir standa ofanjarðar og ef um leka væri að ræða ætti að sjást olfusmit. Lítil umgengni er um tankana og aðeins á neyslugeymi er úttak utanhúss í eldsneytisdælu, aðrir geymar eru tengdir inn í hús.

Heildarmagn olíu á svæðinu getur orðið allt að 19.800 l ef allir geymar eru fullir. Heildarnotkun á ári er um 50.000 l, skv. Grænu bókhaldi árána 2020 - 2022.

Olíugeymarnir hafa fengið reglulegt viðhald og skipt hefur verið um þá eftir þörfum, síðast var skipt um nokkra geyma árið 2020. Frágangur var endurgerður 2019 – 2020 og samþykktur af Umhverfisstofnun. Geymarnir standa á plastplanka, jarðvegsskipt var undir tönkunum og settur vökvaheldur dúkur og mól yfir. Svæðið sem var jarðvegsskipt niður á um 20-30 cm dýpi og í um 50 cm frá olíugeymi til hveirrar hliðar.

Engin mengunarslys eru þekkt, samkvæmt upplýsingum frá fólki sem hefur búið og starfað á jörðinni í meira en 30 ár. Þegar jarðvegsskipt var undir tönkunum varð ekki vart við lykt eða olíusmit í jarðvegi. Ef olíuleki eða smit hefur verið í gegnum árin má ætla að efsta lag þess jarðvegar hafi verið fjarlægð í framkvæmdum við jarðvegsskipti.

Tafla 2 gefur yfirlit yfir ráðstafanir sem gripið hefur verið til og hvernig áhætta á jarðvegs- og grunnvatnsmengun vegna starfseminnar er lágmörkuð.

Tafla 2 Stýringar og viðhald olíugeyma

Efnaheiti	Magn	Stýringar
Dísillólía, Húsageymarr	14 geymar sem rúma 1100 l hver	Geymarnir eru staðsettir ofanjarðar við flest eldishús. Frágangur var endurgerður 2019 – 2020 og jarðvegsskipt undir geymunum. Skipt hefur verið um olíugeyma í gegnum tíðina, síðast var skipt um hluta af þeim árið 2019 – 2020. Viðbragðsáætlanir eru til staðar, uppsogsefni og ísogsklútar eru á staðnum til að bregðast við.
Dísillólía, Neyslugeymur og kerra	2 geymar sem rúma 2200 l hvor	Geymarnir eru staðsettir ofanjarðar. Frágangur var endurgerður 2019 – 2020 og jarðvegsskipt undir þeim. Skipt hefur verið um olíugeyma í gegnum tíðina, síðast var skipt um hluta af þeim árið 2019 – 2020. Viðbragðsáætlanir eru til staðar, uppsogsefni og ísogsklútar eru á staðnum til að bregðast við.